



**samband
íslenskra
framhaldsskólanema**

Ársskýrsla 2012-2013

Kæru framhaldsskólanemar,

Nú er sjötta starfsári SÍF lokið, með tilheyrandi tímamótum. Á tímamótum sem þessum lítur maður til baka, sér það sem betur hefði mátt fara, en aðallega sjáum við þá sigra sem hafa unnist, það eru þeir sem standa upp úr. Frá því að hugmyndin um SÍF fæddist og nokkrir framhaldsskólanemar komu saman, höfum við náð grunnmarkmiði þeirra. SÍF er sameiginlegur málsvári allra framhaldsskóla á landinu.

Lengi vel þurftu fulltrúar SÍF að berjast kröftulega fyrir því að rödd nemenda fengi að heyrast í stórum ákvörðunaratökum. Nú er sagan önnur, en SÍF á fulltrúa í öllum nefndum á vegum hins opinbera sem vinna að málefnum framhaldsskólanna. Nauðsynlegt er að þeir sem lifa og hrærast í kerfinu, þeir sem þiggja þjónustuna, hafi áhrif á þróun þess. Með auknum áhrifum okkar innan hins opinbera hefur sýnileiki SÍF einnig aukist.

Nú er tíminn kominn fyrir SÍF að auka umsvif sín enn frekar, vera með læti. Ég kveð að sinni, stolt af því sem hefur verið áorkað og spennt að fylgjast með sambandinu vaxa og dafna á komandi árum.

Eva Brá Önnudóttir
Formaður SÍF

Framkvæmdastjórn, stjórn, síf-arar og ráðgjafar

Starfsárið 2011-2012 sátu eftirtaldir fulltrúar í framkvæmdastjórn félagsins:

- Eva Brá Önnudóttir, formaður, umboð frá Framkvæmdastjórn SÍF 2011-2012
- Hjalti Vigfússon, varaformaður, frá Menntaskólanum við Hamrahlíð
- Andri Steinn Hilmarsson, gjaldkeri, frá Menntaskólanum við Sund
- Laufey María Jóhannsdóttir, verkefnastjóri, frá Kvennaskólanum í Reykjavík
- Viktor Ingi Lorange, alþjóðafulltrúi, umboð frá Menntaskólanum við Sund (lét af störfum í ágúst 2013)
- Davíð Þór Katrínarson, verkefnastjóri, umboð frá Framkvæmdastjórn SÍF 2011-2012 (lét af störfum í mars)
- Jónas Kári Eiríksson, verkefnastjóri, frá Verkmenntaskólanum á Akureyri (lét af störfum í febrúar)
- Alda Karen Hagalín, verkefnastjóri, frá Menntaskólanum á Akureyri (hóf störf í mars)
- Þórarinn Gunnarsson, verkefnastjóri, frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja (hóf störf í mars)

Starfsárið 2012-2013 sátu eftirtaldir fulltrúar í Millistjórn SÍF:

- Oddur Ævar Gunnarsson frá Kvennaskólanum í Reykjavík
- Vigdís Diljá Óskarsdóttir frá Menntaskólanum á Egilsstöðum
- Alexandra Herbertsdóttir frá Fjölbrautarskóla Suðurlands
- Kristófer Andri Kristinsson frá Fjölbrautarskólanum í Breiðholti
- Benedikt Sigurðsson frá Menntaskólanum í Reykjavík
- Darri Snær Finnbogason frá Fjölbrautarskólanum í Breiðholti

Félagslegir endurskoðendur SÍF árið 2012-2013 voru:

- Þórarinn Gunnarsson frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja
- Heiða Karen Sæbergdóttir fyrrverandi formaður SÍF
- Haukur Svansson frá Verkmenntaskóla Akureyrar

Fundir framkvæmdastjórnar voru haldnir að jafnaði einu sinni í viku en þó sjaldnar yfir jólaþróf og sumarmánuðina. Starfsárið 2012-2013 hélt framkvæmdastjórn SÍF alls 40 fundi og af voru 3 vinnufundir. Framkvæmdastjórn heldur fundargerðir samkvæmt fundarsköpum og má óska eftir afritum af fundargerðum hjá framkvæmdastjóra félagsins.

Vinnufundir framkvæmdastjórnar eru haldnir að jafnaði 3 sinnum yfir starfsárið. Markmið fundanna er tvíþætt; á fundunum eru lagðar fram framkvæmda- og fjárhagsáætlanir og fyrirbyggjandi verkefni skýrð í samræmi við markmið og stefnu félagsins. Til viðbótar gegna

fundirnir því hlutverki að efla samvinnu framkvæmdastjórnar.

Sambandsstjórn SÍF fundar í hið minnsta 2 sinnum yfir starfsárið. Á starfsárinu voru haldnir 2 fundir, annar í nóvember 2012 í Reykjavík og sá seinni að Syðra-Langholti á Flúðum í mars 2013. Á fundunum var unnin málefnavinna ásamt því sem lagðar voru fram framkvæmda- og fjárhagsáætlanir. Fundirnir voru vel sóttir af fulltrúum aðildarfélaganna og stjórn. Óska má eftir fundargerðum hjá framkvæmdastjóra félagsins.

Síf-arar eru fulltrúar hvers aðildarfélags og kemur einn frá hverju aðildarfélagi. Er það aðildarfélaganna að ákvarða hvernig skuli skipa fulltrúa sinn. Síf-arar eru tengiliðir aðildarfélaganna við SÍF og mæta þeir einnig á sambandsstjórnarfundi.

Ráðgjafar félagsins eru kjörnir á aðalþingi og koma úr röðum fyrrverandi stjórnarmanna. Ráðgjafar SÍF sinna því hlutverki að vera nýrri stjórn félagsins innan handar og vera leiðandi og skýrandi í fyrstu skrefum á nýju starfsári. Ráðgjafar félagsins sinna einnig því hlutverki að viðhalda og varðveita þekkingu sem skapast með hverju starfsári félagsins.

Skrifstofa og fjármagn

SÍF deilir skrifstofu með Landsambandi æskulýðsfélaga í Hinu Húsinu í Reykjavík. Þar starfar framkvæmdastjóri í 50% vinnu. Á starfsárinu var starf verkefnastjóra, Stefáns Rafns Sigurbjörnssonar, sem hafði verið í 50% vinnu lagt niður í hagræðingarskini. Sigurbjörg Birgisdóttir, framkvæmdastjóri SÍF, sagði starfi sínu lausu í janúar og var Sunna Ingólfssdóttir ráðin í hennar stað í febrúar.

Framkvæmdastjóri SÍF sér um daglegan rekstur félagsins og afgreiðir erindi sem berast á skrifstofuna. Skrifstofa SÍF gegnir í senn hlutverki upplýsingaþjónustu en þangað leita félagsmenn og einstaklingar á leið í nám eða í námi. Fyrirspurnir og erindi eru fjölbreytt eins og félagsmenn eru ólíkir en eiga það sameiginlegt að varða öll málefni námsmanna. Framkvæmdastjóri SÍF vinnur einnig náið með framkvæmdastjórn og tekur þátt í verkefnum félagsins.

Í júní 2012 var undirritaður nýr þjónustusamningur við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Samningurinn er til 4 ára og tryggir félaginu rekstrargrundvöll árlega. Nýr þjónustusamningu veitir félaginu mikið svigrúm og tryggir áframhaldandi og öflugt starf. Stjórn SÍF hefur beðið um fund með nýjum menntamálaráðherra og stefnt er á að biðja um aukið framlag til SÍF með það að aðalmarkmiði að auka þjónustu við framhaldsskóla á landsbyggðinni. Nafnið SÍF var í fyrsta sinn í ár notað í fjárlögum en upphæðin sem rennur til SÍF hafði alltaf verið skráð undir INSÍ.

Í maí 2012 var einnig undirritaður nýr þjónustusamningur við Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN). Nýr þjónustusamningur við LÍN tryggir SÍF áframhaldsandi setu í stjórn sjóðsins ásamt fjármagni en LÍN greiðir SÍF 800.000 kr. árlega skv. þjónustusamningi. Í lok hvers almanaksárs skila framkvæmdastjórn SÍF skýrslu til LÍN þar sem fjallað er um samskipti SÍF og sjóðsins á liðandi ári.

Ljóst er að niðurskurði og samdráttar í samfélaginu gæti einnig hjá SÍF og er því nauðsynlegt að félagið leggi aukna áherslu á komandi ári að sækja verkefnastyrki. Félagið og starfsemi þess fer ört stækkandi og er nauðsynlegt að tryggja aukið fjármagn samhliða stækkun félagsins.

Aðildarfélög SÍF

Frá aðalþingi ársins 2012 eru öll 32 nemendafélög framhaldsskóla Íslands aðildarfélög SÍF. Þar með eru nemendur allra framhaldsskóla á landinu aðildarmenn og samtakamáttur SÍF því mikill.

Þing og fundir

Haldnir voru 37 framkvæmdastjórnarfundir, 3 vinnufundir, 2 sambandsstjórnarfundir og eitt aðalþing á starfsárinu. Fundir framkvæmdastjórnar eru iðulega haldnir á skrifstofu SÍF ásamt vinnufundum en sambandsstjórnarfundir eru til skiptis á höfuðborgarsvæðinu og utan þess. Í ár var fyrsti stjórnarfundur haldinn í Hinu Húsinu en sá seinni að Syðra Langholti á Flúðum. Aðalþing SÍF 2013 verður haldið í Kvennaskólanum í Reykjavík 31. ágúst - 1.september. Framkvæmdastjórn heldur utan um fundargerðir samkvæmt fundarsköpum og má óska eftir afritum af fundargerðum hjá framkvæmdastjóra félagsins.

Leiðtoganámskeið SÍF

Á fyrsta fundi nýrrar framkvæmdastjórnar var ákveðið að of langt væri liðið á skólaárið til að halda leiðtogaskóla auk þess sem að ekkert fjármagn var til viðburðarins. Ákveðið var að halda þeim mun betri leiðtoganámskeið í byrjun næsta skólaárs áður en að ný framkvæmdastjórn tæki við. Leiðtoganeimsskeiðið fer fram á aðalþingi SÍF 2013 og verða námsskeið fyrir formenn, gjaldkera, ritstjórnir skólablaða og SÍF-ara.

Handbók framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóra

Samhliða innri skipulagsbreytingum SÍF var hafist handa við vinnu við handbók framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóra. Er þessum handbókum ætlað að skýra

verkefni og verkferla með það að leiðarljósi að viðhalda þekkingu og reynslu innan félagsins og auðvelda þannig skipti milli stjórna eða starfsfólks.

Framhaldsskólablaðið

SÍF hélt áfram útgáfu Framhaldsskólablaðsins á árinu í samstarfi við Guðmund Rúnar Svansson útgáfustjóra og eiganda blaðsins. Hjalti Vigfússon var ráðinn ritstjóri síðla árs 2012 og voru gefin út þrjú blöð undir hans stjórn. Lóa Björk Björnsdóttir, sem hafði verið meðlimur í ritstjórn frá því að Hjalti tók við varð með-ritstjóra blaðsins ásamt Hjalta fyrir seinasta blaðið eftir mikla umræðu í samfélaginu um hlut kvenna sem ritstjóra prentmiðla. Fundum við fyrir mikilli aukningu á gæðum og á lestri blaðsins á árinu og almenn bjartsýni ríkir hvað varðar framtíð blaðsins. Eftir seinasta blaðið var Salka Valsdóttir ráðin ritstjóri fyrir skólaárið 2013-2014. Salka var í ritstjórn blaðsins á síðasta tímabili og verður Hjalti henni innan handar fyrst um sinn. Ráðið hefur verið í ritstjórn og kemur fyrsta blað nýrrar ritstjórnar út í lok ágúst.

Söngkeppni framhaldsskólanna

Á aðalþingi SÍF 2013 var sérstakur vinnuhópur tileinkaður Söngkeppni framhaldsskólanna. Í ályktun vinnuhópsins var lögð mikil áhersla á að keppnin yrði haldin á Akureyri. Ákveðið var að semja aftur við Saga film og sáu þau um uppsetningu og sjónvarpsútsendingu. Keppnin fór vel fram og keppendur stóðu sig með mikilli þrýði. Samningar fyrir keppnina árið 2014 eru nú þegar hafnir en margar hugmyndir eru uppi að umbótum fyrir keppnina þar sem stefnan er að tryggja betur stöðu keppenda og nemendafélaga og leggja áherslu á skemmtilegan viðburð.

Alþjóðastarf

Einn fulltrúi í framkvæmdastjórn SÍF er kjörinn til þess að sinna hlutverki alþjóðafulltrúa. Sá aðili heldur utan um alþjóðastarf félagsins og er leiðandi í málum tengdum þeim. Á árinu fóru fulltrúar framkvæmdastjórnar á 4 viðburði á vegum Obessu. Fulltrúafund og ráðstefnu um námsmat í Sviss og aðalþing og sumarskóla í Eistlandi.

SÍF leggur áherslu á að læra af systrasamtökum sínum og hafa mótandi áhrif á málaflokkinn á alþjóðavísu. SÍF er aðili að Obessu sem eru regnhlífasamtök fyrir evrópskar námsmannahreyfinga á framhaldsskólastigi. SÍF sækir námskeið, fræðslu, og ráðstefnur á vegum félagsins. Einnig taka framkvæmdastjórnarmeðlimir SÍF virkan þátt í innra starfi félagsins t.d. með setu, tillögu- og atkvæðarétti á fulltrúafundum og aðalþingi. Formaður SÍF situr í vinnuhópi á vegum Obessu er varðar stofnun nýrra námsmannahreyfinga í Evrópu og stuðningi við ný félög. Formaður fór til Lúxemborgar til fundar með meðlimum nefndarinnar í desember þar sem m.a. var unnið að stofnun og eflingu námsmanna

hreyfinga í ýmsum Evrópulöndum. Þá veitir Obessu félaginu mikinn stuðning ásamt því að vera vettvangur til þess að mynda tengslanet við fulltrúa frá öðrum námsmannahreyfingum á framhaldsskólastigi.

Auk starfs SÍF í Obessu er verið að vinna að samstarfi á milli Svíþjóðar, Íslands, Finnlands, Danmerkur, Hollands og Noregs. Menntakerfi þessara landa eiga margt sameiginlegt og sterkustu stúdentasamtök landsins eru þarna. Því er þetta kjörið tækifæri fyrir SÍF til að vaxa með hjálp systrasamtaka. Formaður sambandsins fór á fund í Amsterdam þar sem byrjað var að leggja línurnar fyrir samstarfið.

Innlent samstarf

SÍF hefur aðild að Landssambandið æskulýðsfélaga (LÆF). LÆF eru regnhlífasamtök æskulýðsfélaga á Íslandi og samráðsvettvangur. Helstu verkefni LÆF eru að vera fulltrúi og málsvari ungs fólks gagnvart íslenskum stjórnvöldum, vera samráðs- og samstarfsvettvangur fyrir íslensk æskulýðsfélög, vera fulltrúar íslenskra ungmenna í ýmsu erlendu samstarfi, og vera í forystu í umræðu um æskulýðsmál.

Einnig hefur SÍF tekið þátt í verkefnum á borð við Boxið, Hjólað í skólann, HOFF auk fjölda annara verkefna. Á starfsárinu styrkti SÍF samband sitt við Stúdentaráð gríðarlega, bæði innan stjórnar Lánasjóðs Íslenskra námsmanna og fyrir alþingiskosningarnar. Vonum við að samstarf okkar við Stúdentaráð muni verða enn meira á komandi árum.

Boxið- framkvæmdakeppni framhaldsskólanna

Háskóli Reykjavíkur leitaðist snemma á starfsárinu eftir samstarfi við SÍF í Boxinu- Framkvæmdakeppni framhaldsskólanna. Átti fulltrúi SÍF sæti í vinnuhóp keppinnar ásamt því að taka þátt í dómarastörfum á úrslitadegi keppinnar. Keppnin gekk vel og verður leitast eftir áframhaldandi samstarfi við HR.

lönnemanefnd SÍF

Lengi vel hefur verið vilji innan framkvæmdastjórnar til að stofna lönnemanefnd. Það hefur því miður ekki gengið sem skyldi en stefnt er að því að keyra starf lönnemanefndar á fullt starfsárið 2013-2014

Forvarnarstarf

Verkefnið *Heilsuefling og forvarnir í framhaldsskólum* hefur verið þróað í samráði við heilbrigðisráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið undir formerkjum HoFF samstarfsins. HoFF er samstarfsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytisins, heilbrigðisráðuneytisins, Lýðheilsustöðvar og Sambands íslenskra framhaldsskólanema. Fulltrúi SÍF situr í samráðshópi HoFF, sækir reglulega fundi og tekur þátt í vinnu hópsins.

Einnig héldu fulltrúar SÍF erindi á fundum og tóku þátt í starfi á vegum lýðheilsustöðvar.

Bóksala SÍF

Á Aðalþingi SÍF 2011 var tekin ákvörðun um að leggja niður bóksölu SÍF en bóksalan hefur verið starfrækt frá stofnun félagsins þegar SÍF tók við bóksölnni af lönnumasambandi Íslands. Bóksalan var hætt að skila hagnaði, lagerinn var úreltur og bóksalan var ekki samkeppnishæf lengur. Framkvæmdastjórn ákvað að losa sig við rest af bókum og framkvæmdastýra sá um að gefa þær til fangelsisbókasafna landsins.



Nefndarstörf og samráðshópar

Á starfsárinu 2011-2012 má telja tölvuverða aukningu á boðum í nefndarstörf og samráðshópa. SÍF á fulltrúa í eftirfarandi nefndum og hópum;

- Fulltrúaráð LÆF- Eva Brá Önnudóttir
- Stjórn LÍN- Sigurbjörg Birgisdóttir og síðar Eva Brá Önnudóttir
- Námsstyrkjanefnd LÍN - Eva Brá Önnudóttir
- HOFF- Laufey María Jóhannsdóttir
- Samráðshópur um mörkun vinnumarkaðsstefnu: Sigurbjörg Birgisdóttir – hópur 3, ungt fólk. Stefán Rafn Sigurbjörnsson – hópur 2, menntastefna
- Aðgerðaráætlun í málefnum ungs fólks- Eva Brá Önnudóttir
- Inntökureglur í framhaldsskólum á vegum Menntamálaráðuneytisins - Eva Brá Önnudóttir
- Vinnustaðanámssjóður - Stefán Rafn Sigurbjörnsson og síðar Sunna Ingólfssdóttir

Umsagnarbeiðnir

Reglulega berast félaginu umsagnarbeiðnir m.a. um frumvörp til laga og þingstillöguályktanir. Hefur það verið stefna félagsins að svara öllum slíkum beiðnum. Í ár bárust félaginu um 7 umsagnarbeiðnir er fjölluðu t.d. um breytingar á lögum um

framhaldsskóla og breytingar á vinnustaðanámssjóði.

Lánasjóður íslenskra námsmanna (LÍN)

SÍF er með þjónustusamning við LÍN og á fulltrúa í stjórn. Á starfsárinu 2012-2013 herti stjórnin reglurnar varðandi lánshæft nám á framhaldsskólastigi en stendur til að fara í veigamikla úttekt á lánshæfi náms á starfsárinu 2013-2014. SÍF barðist fyrir hækkun á grunnframfærslu og frítekjumarki námsmanna og samþykkti stjórn það í apríl 2013. Eftir kosningar tók ný stjórn við í Lánasjóðinum og tók sjóðurinn U-beygju hvað varðar kjör námsmanna. Grunnframfærslan var hækkuð um 3% en frítekjumarkið stendur óbreytt. Reglur um námsframvindu voru hertar en nú þarf nemandi að klára það sem samsvarar 22 ECTS einingum í stað 18 ECTS. Stúdentaráð Háskóla Íslands kærði LÍN og ríkið í kjölfarið og SÍF kom inn í kærana sem meðgöngustefnandi. Niðurstöðu er beðið.

Besta nestið- lýðheilsuverkefni

Yfir sumarmánuðina 2012 vann stjórn ásamt verkefnastjóra að umsókn um lýðheilsuheilsuverkefni sem ber vinnuheitið „Besta nestið“. Sótt var um styrk bæði til Æskulýðssjóðs og í Lýðheilsusjóð. Verkefnið snýst um að hanna veggspjöld með hugmyndum að ódýru og hollu nesti. Einnig á að gera vimeo myndbönd þar sem þjóðþekktir einstaklingar smyrja sitt uppáhaldsnesti og hægt verður að senda inn myndbönd sem sett verða á Facebook síðu verkefnissins, Facebook síðu félagsins og einnig á heimasíðuna. Geta þá einstaklingar kosið um besta myndbandið með like- keppni og eru verðlaun í boði. Verkefnið er liður í forvarnastarfi SÍF. Hrefna Björg Gylfadóttir var ráðin til að gera nesti og mynda og heldur verkefnið áfram á næsta ári.

Ályktanir og greinaskrif

Formaður SÍF sendi formlega frá sér nokkrar greinar á árinu sem birtust í dagblöðum landsins ásamt því að skrifa reglulega í framhaldsskólablaðið. Sendi stjórn einnig frá sér nokkrar ályktanir sem hægt er að nálgast hjá framkvæmdastjóra.

Hjólað í skólann

Hjólað í skólann er samráðsverkefni Hjólafélagsins, ÍSÍ, Landlæknisembættisins, SÍF og annara aðila. SÍF tók virkan þátt í starfinu og situr framkvæmdastýra fundi hjá hópnum. Í haust verður gefið út blað inni í Framhaldsskólablaðinu á vegum Hjólað í skólann og ritstýrir fráfaraðandi varaformaður blaðinu.

Afmæli SÍF

SÍF hélt upp á 5 ára afmæli sitt í nóvember. Haldið var upp á það í Hinu húsinu þar sem

boðið var til veislu. Í stuttri tölu formanns var farið yfir alla helstu áfanga sem SÍF hefur náð til þessa. Afmælið var haldið 17.nóvember á alþjóðlegum degi námsmanna.

Erindarekstur

Á starfsárinu 2012-2013 var hafin undirbúningur fyrir erindarekstur sambandsins. Tímaáætlun og fjárhagsáætlun var unnin af verkefnastjóra. Tilgangur erindarekstursins er að kynna SÍF betur fyrir hinum almenna nemenda. Tilgangur er einnig að framkvæmdastjórnin kynnist nemendafélagsstjórnun og aðstöðu hvers og eins skóla og fái tækifæri til að tala við skólastjóra allra skólanna. Erindareksturinn ætti þá að efla sýnileika sambandsins og tengsl aðildarfélaganna við framkvæmdarstjórn. Stefnt er að því að sækja um styrk fyrir verkefninu og að erindareksturinn geti farið af stað á starfsárinu 2013-2014.

Heimasíðan

Stefnt var að því að opna nýja heimasíðu á 5 ára afmæli SÍF. SÍF hafði gert samning við grafískan hönnuð, hann skilaði ekki verkefninu af sér í tæka tíð en framkvæmdastjórn ákvað að gefa honum annan frest til að skila heimasíðunni af sér. Þegar ljóst var að þrátt fyrir ítrekaða fresti og margra mánaða bið myndi hann ekki skila vinnunni af sér, rifti SÍF samningnum. Heimasíðan var uppfærð af framkvæmdastjórnarmeðlimi, en lítum við á núverandi síðu sem bráðabyrgðarúrræði og enn stendur til að opna nýja og glæsilega heimasíðu.

Ráðning starfmanns

Ráðinn var nýr framkvæmdastjóri á starfsárinu eftir að Sigurbjörg Birgisdóttir sagði starfi sínu lausu. Sunna Ingólfssdóttir var ráðin í hennar stað eftir nokkura vikna ráðningarferli og vann Sunna samhliða Sigurbjörgu fyrstu vikuna. Gengu skiptin mjög vel og hefur nýr framkvæmdastjóri staðið sig með þryði það sem af er ári.